

# Landspítali - háskólasjúkrahús

## Barnspítali Hringsins

Fréttatilkynning 17. mars 2006

### Stórgjöf til Barnspítala Hringsins

Jóhannes Jónsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og Kristín Jóhannesdóttir  
gefa 300 milljónir króna til styrktar barnspítalanum

Barnspítala Hringsins hefur borist höfðingleg gjöf feðginanna Jóhannesar Jónssonar, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Kristínar Jóhannesdóttur. Þau hafa tilkynnt þá ákvörðun sína að leggja allt að 300 milljónir króna til styrktar Barnspítala Hringsins næstu 5 árin, þ.e. 60 milljónir ár hvert.

Undanfarna mánuði hafa verið kannaðir möguleikar á því að efla hágæsluþjónustu innan Barnspítala Hringsins enda sífellt veikari börn sem dvelja á deildum hans. Því þarf hágæsla að vera meiri þegar álag er mest og nauðsyn krefur. Þannig verður þjónusta við veikustu börnin styrkt og efl. Aðstaða á barnspítalanum er mjög góð, meðal annars til bráðameðferðar og endurlífgunar og því þarf ekki að stofna nýja deild. Öflug hágæsluþjónusta á Barnspítala Hringsins eykur enn frekar öryggi veikustu barnanna.

Gjöfin verður m.a. notuð til að hefjast handa við að auka hágæsluþjónustu á Barnspítala Hringsins, ráða starfsfólk og þjálfa það.

Hágæsluþjónusta er stig milli almennrar legudeildar og gjörgæsludeildar. Hún byggir á mikilli mönnun sérþjálfara starfsmanna og er því kostnaðarsöm. Hágæsluþjónusta má veita á ýmsum stöðum og deildum Barnspítala Hringsins. Myndað verður teymi starfsmanna sem verður ætíð til staðar fyrir veikustu einstaklingana.

Hágæsluþjónusta á Barnspítala Hringsins verður starfrækt í nánú samstarfi við gjörgæsludeildir LSH. Á gjörgæsludeildum er stöðug umönnun, tæknivædd vöktun, flóknar lyfjagjafir og meðferð með öndunarvélum, nýrnaveílum og háþróuðum tæknibúnaði. Allra veikustu börnin þurfa áfram að vistast á gjörgæsludeildum spítalans.

**Feðginunum Jóhannesi, Jóni Ásgeiri og Kristínu  
hafa verið færðar innilegar þakkir stjórnenda Landspítala - háskólasjúkrahúss fyrir  
mikilsvert framlag í þágu yngstu skjólstæðinga spítalans.**